

ÁRSSKÝRSLA

Heimilis og skóla
– landssamtaka foreldra



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Aðalfundur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra
haldinn 24. maí 2011 að Suðurlandsbraut 24

Útgefandi: Heimili og skóli – landssamtök foreldra
Suðurlandsbraut 24, 4. hæð
108 Reykjavík

Ritstjórn: Hrefna Sigurjónsdóttir

Umbrot og hönnun: Halla Björk Kristjánsdóttir

Ábyrgðarmaður: Sjöfn Þórðardóttir, formaður

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf.



EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
1. Stjórn og starfsmenn Heimilis og skóla	5
1.2. Stjórnar- og framkvæmdanefndarfundir	5
1.3. Starfsmenn	5
2. Starfsemi	5
2.1. Húsnæði	5
2.2. Félagsmenn	6
2.3. Verkefnalisti	6
3. Helstu verkefni	6
3.1. Ráðgjöf og upplýsingar	6
3.2. Þjónusta við skólakerfið	6
3.3. Fulltrúaráð og svæðasamtök	7
3.4. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla	7
3.5. Eineltisátak á landsvísu	8
3.6. SAFT	9
4. Útgefið efni og vefsíða	12
4.1. Handbækur	12
4.2. Kynningarbæklingar um nýju menntalögin	12
4.3. Fræðslubæklingur um einelti	12
4.4. Þrjár kennslubækur SAFT	13
4.5. Samstíga	13
4.6. Tímarit	13
4.7. Heimasíða og fésbók	13
5. Fundir, ráðstefnur, þing og námskeið	13
6. Samstarf innanlands	14
7. Norrænt samstarf	15
8. Evrópskt samstarf	16
9. Lokaorð	16
Lög Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra	18



INNGANGUR

Tilgangur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra er að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Samtökin eru frjáls félagasamtök og starfa óháð stjórn mála- flokkum og trúfélögum. Fjöldi einstaklinga eru félagar í Heimili og skóla en einnig foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð sem og leik-, grunn- og framhaldsskólar. Með stuðningi félagsmanna og samstarfsaðila hefur tekist að byggja upp þjónustu við skólasamfélagið, foreldra og félög þeirra á landsvísu.

Þessi skýrsla nær yfir starfstímabilið janúar 2010 til desemberloka 2010. Skýrslan fjallar um helstu þætti í starfsemi samtakanna á starfsárinu þar sem áhersla var lögð á:

- Að veita foreldrum og félagsmönnum fræðslu og ráðgjöf um samstarf heimila og skóla, skólamál almennt og uppeldismál svo þeir séu betur í stakk búnir til að taka þátt í mótun skólasamfélagsins.
- Að styðja við og virkja starf foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða með fræðslu og ráðgjöf.
- Að styðja við starf foreldra- og skólaráða á öllum skólastigum svo þau geti tekið þátt í stefnumótun og veitt skólum og skólayfirvöldum virkt og uppbyggjandi aðhald.
- Að stuðla að markvissri starfsemi svæðasamtaka foreldra í öllum landshlutum.
- Stuðning við skólasamfélagið til að efla samstarf heimila og skóla.
- Að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við menntayfirvöld varðandi ákvarðanir og stefnumótun um skóla- og uppeldismál.
- Samstarf um verkefni sem stuðla að auknum forvörnum og bættum uppeldis- og menntunarskilyrðum barna og unglinga.
- Átak gegn einelti en farið var í fyrirlestraferð um landið.
- Að vinna að vakningarátaki SAFT um netöryggi sem stuðlar að aukinni vitund foreldra og barna, skólakerfisins og netþjónustaaðila um örugga notkun netsins og annarra nýmiðla.
- Þátttöku í umfjöllun um skóla- og uppeldismál í fjölmiðlum og víðar.
- Samstarf við systurfélög á Norðurlöndum og í Evrópu.



1. STJÓRN OG STARFS- MENN HEIMILIS OG SKÓLA

1.1. STJÓRN Stjórn Heimilis og skóla var kosin á aðalfundi samtakanna 12. maí 2010.

Í stjórn starfsárið 2010 sátu:

- Anna Margrét Sigurðardóttir – Neskaupstað
- Barbara Björnsdóttir – Reykjavík
- Borghildur Jósúadóttir – Akranesi
- Brynhildur Pétursdóttir - Akureyri
- Halldór Jörgensson – Garðabæ
- Ingrid Kuhlman – Álftanesi
- Jóhanna Gústavsdóttir – Garðabæ
- Ketill Magnússon, varaformaður – Reykjavík
- Sjöfn Þórðardóttir, formaður - Seltjarnarnesi
- Svava B. Sigurjónsdóttir – Reykjavík
- Þórður Ingi Bjarnason – Sauðárkróki/Hafnarfirði

Kjörnir skoðunarmenn voru Árni Einarsson og Jón Ólafur Halldórsson.

1.2. STJÓRNAR- OG FRAMKVÆMDANEFNDARFUNDIR

Frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2010 voru haldnir ellefu stjórnarfundir. Á sama tímabili fundaði framkvæmdanefnd þrettán sinnum.

1.3. STARFSMENN

Starfsmenn samtakanna starfsárið 2010 voru:

- Sjöfn Þórðardóttir, formaður
- Björk Einisdóttir, framkvæmdastjóri (lét af störfum í mars 2010)
- Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (lét af störfum í ágúst 2010)
- Olga Hanna Möller, framkvæmdastjóri (frá 1. ágúst 2010)
- Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT
- Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri
- Hrefna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri hjá SAFT og Heimili og skóla (fór í fæðingarorlof 15. mars 2010 og hóf störf eftir sumarfrí 29. október 2010)
- Elín Helgadóttir, verkefnastjóri (afleysingar frá 11. mars til 11. júní 2010. Hóf aftur störf 1. september 2010)
- Guðrún Jónsdóttir, verkefnastjóri (frá 14. október 2010)
- Guðrún Inngólfssdóttir, verkefnastjóri (frá 14. október 2010)
- Edda Sigurðardóttir, bókhald og félagatal (lét af störfum í október 2010 en starfaði sem verktaki frá enda nóvember 2010)

2. STARFSEMI

2.1. HÚSNÆÐI



Samtökin hafa aðsetur á Suðurlandsbraut 24, 4. hæð.

2.2. FÉLAGSMENN Félagsmenn í samtökunum eru einkum foreldrar og forráðamenn barna á skólaaldri, foreldrafélög, foreldra- og skólaráð sem og leik-, grunn- og framhaldsskólar. Skráðir félagsmenn voru um 3000 talsins við árslok 2010, þar af um 2000 virkir (sem greitt höfðu félagsgjöld).

2.3. VERKEFNALISTI Samtökin þjónusta foreldra og skólasamfélagið á breiðum grunni. Þjónustan og verkefni sem samtökin sinna eru margvísleg:

- Aðstoð við stofnun og starf foreldrafélaga í leik-, grunn- og framhaldsskólum.
- Aðstoð við stofnun og starf foreldraráða í leikskólum og framhaldsskólum og skólaráða í grunnskólum.
- Aðstoð við stofnun og eflingu svæðasamtaka foreldrafélaga.
- Ráðgjafarþjónusta þar sem veittar eru upplýsingar og ráðgjöf um skólamál og uppeldi.
- Fyrirlestrar og kynningar fyrir foreldra, foreldrafélög, bekkjarfulltrúa, foreldraráð, skólaráð, skólustarfsmenn og aðra sem áhuga hafa á skólamálum.
- Foreldraverðlaun Heimilis og skóla.
- SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) – Safer Internet Centre. Evrópskt samstarfsverkefni um örugga notkun netsins og annarra nýmiðla.
- Útgáfa: Tímarit, vefritið Samstíga, handbækur og bæklingar um skóla- og uppeldismál, námsefni og bæklingar frá SAFT.
- Ráðstefnur. Tökum bæði þátt og stöndum fyrir ráðstefnum.
- Umsagnir til Alþingis, vegna þingsályktana eða frumvarpa til laga.
- Þátttaka í forvarnarverkefnum í samstarfi við aðra.
- Innlent og erlent samstarf, þ.á.m. þátttaka í starfsnefndum og vinnuhópum á vegum ráðuneyta og annarra opinberra stofnana.
- Samstarf við þriðja geirann (Almannaveitir).
- Starfsnemar úr námsráðgjöf frá Háskóla Íslands.
- Viðtöl, greinar og upplýsingagjöf til fjölmiðla

3. HELSTU VERKEFNI

3.1. RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR

Mikið er leitað til skrifstofu Heimilis og skóla eftir ráðgjöf og upplýsingum. Foreldrar leita til samtakanna vegna ýmissa mála er tengjast skólustarfi og uppeldi. Síma-ráðgjöfin er auglýst frá klukkan 9 til 12 en reynslan sýnir að fólk hringir á öllum tímum dags og fær þá ráðgjöf. Eins senda margir fyrirspurnir með tölvupósti. Einnig fáum við heimsóknir á skrifstofuna þar sem leitað er eftir ráðum, upplýsingum og útgefnum efni. Fjölmiðlar hafa gjarnan samband til að fá sjónarmið foreldra vegna margvíslegra málefna sem eru í umræðunni hverju sinni.

Haldið er utan um ráðgjöf og erindi með ráðgjafarforriti frá Lausn hugbúnaði. Þar er einkum skráð símaráðgjöf. Þegar skoðað er hvernig erindi berast sést að mest er haft samband vegna mála er varða nemendur og því næst stjórnun skóla. Þar á eftir koma hringingar vegna kennara, málefna er flokkast undir annað, svo koma símtöl vegna aðbúnaðar og öryggis og loks námsefnis. Langoftast eru það foreldrar sem leita ráða og upplýsinga en því næst koma foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð. Þar á eftir eru kennarar og skólastjórnendur. Næst eru það bekkjarfulltrúar, aðstandendur og aðrir. Vert er þó að nefna að flokkarnir skarast stundum.

3.2. ÞJÓNUSTA VIÐ SKÓLAKERFIÐ

Samstarf heimila og skóla krefst stöðugs og gagnkvæms upplýsingastreymis milli beggja aðila. Samtökin bjóða upp á fyrirlestra fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Til að mynda er boðið upp á fyrirlestra um foreldrastarf, bekkjarstarf og skólamál almennt sem og námskeið fyrir bekkjarfulltrúa. Þá hafa fjölmörg námskeið og erindi verið haldin um þær breytingar sem fylgja nýju menntalögunum. Einnig hafa verið haldin námskeið SAFT um örugga notkun barna og unglinga á netinu og öðrum nýmiðlum.

Á skrifstofu samtakanna fæst *Foreldrabankinn* sem er handbók fyrir bekkjarfulltrúa. Þar er að finna ýmsar gagnýtar upplýsingar fyrir bekkjarfulltrúa og hefur *Foreldrabankinn* notið mikilla vinsælda. Einnig hafa samtökin dreift *handbókum um foreldrasamstarf* á rafrænu formi til allra skólastiga. Þá er mikil eftirspurn eftir bæklingum um starfsemi foreldra- og skólaráða (t.d. *Virkir foreldrar – betri grunnskóli*). Voru þeir þýddir á pólsku í árslok 2010 og stendur til að dreifa þeim. Fræðslubæklingurinn *Einelti – góð ráð til foreldra* hefur einnig farið víða og mælst vel fyrir. Honum var dreift markvisst til allra nemenda í fimmta bekk grunnskóla haustið 2009 og í endurútgáfu haustið 2010. Auk þessa er margs konar fræðsluefni í boði á vegum SAFT og Heimilis og skóla. Í lok marsmánaðar 2010 sendu Heimili og skóli og SAFT lestrarbækur um netið á alla leik- og grunnskóla landsins. Bækurnar eru þrjár og eru einkum ætlaðar börnum á aldrinum fimm til átta ára. Höfundur er Þórarinn Leifsson en í undirbúningshópi um gerð bókarinnar var fjölbreyttur hópur úr skóla- og uppeldisgeiranum.

Undanfarin ár hafa Heimili og skóli unnið markvisst að því að efla og styrkja foreldra af landsbyggðinni til þátttöku í foreldrasamstarfi og efla svæðasamtök um land allt. Markmið þessa grasrótastarfs er að efla starf skóla- og foreldraráða og foreldrafélaga á landsbyggðinni, koma á tengslum milli landshluta og skapa foreldrum þannig breiðan samstarfsvettvang.

Árlega er uppfærður hjá samtökunum netfangalisti yfir skóla- og foreldrasamfélagið þar sem finna má meðal annars fulltrúa í foreldraráðum, skólaráðum og foreldrafélögum allra grunnskóla landsins. Reglulega eru sendar upplýsingar um fræðslufundi og annað sem er á döfinni á þessa netfangalista sem og vefritið Samstíga.

3.3. FULLTRÚARÁÐ OG SVÆÐASAMTÖK



Fulltrúaráðsfundur var haldinn í Mosfellsbæ 15. október 2010.

Svæðasamtök foreldra eru samstarfsvettvangur foreldrafélaga og málsvari foreldra grunnskólanemenda í sveitarfélaginu. Á flestum stöðum á landinu hafa orðið til svæðasamtök sem eiga fulltrúa í stjórnarsýslunni eða fræðsluráðum/skólanefndum í hverju sveitarfélagi. Þar geta foreldrar komið sjónarmiðum sínum á framfæri við yfirvöld og aukið áhrif sín á skólastarfið. Mikilvægt er að foreldrar hafi þennan vettvang til að vekja athygli á því sem betur má fara og getur bætt líðan barna og námsárangur og nauðsynlegt er að upplýsa foreldra um aðkomu þeirra að stjórnun skóla. Virk svæðasamtök sem tengjast vel grasrótastarfi foreldra styrkja foreldra í samstarfinu, auka lýðræðisleg vinnubrögð, gagnsæi stjórnarsýslunnar og efla borgaravítund. Þess má geta að fyrir skemmstu (26. janúar 2011) var haldinn stofnfundur samtaka foreldrafélaga og foreldra- og skólaráða á Akranesi. Þetta eru fyrstu foreldrasamtökin hér á landi þar sem foreldrafélög allra skólastiga sameinast í einregnhlífarsamtök.

Fulltrúaráð Heimilis og skóla er skipað fulltrúum frá svæðasamtökum foreldra af öllu landinu. Svæðasamtök foreldra sem eru aðilar að samtökunum tilnefna fulltrúa sinn til setu í fulltrúaráði samtakanna. Árlega boða samtökin til fulltrúaráðsfundar og var hann haldinn í sjötta sinn í Mosfellsbæ 15. október 2010. Tilgangur með stofnun fulltrúaráðsins er að skapa vettvang foreldra af öllu landinu innan Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Þannig leitast landssamtökin við að styrkja tengsl við aðildarfélög víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli sem og við stjórn og starfsfólk samtakanna. Ánægjulegt er að segja frá því að SAMFOK (Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík) gengu til liðs við fulltrúaráðið árið 2010 og eiga þar einn fulltrúa sem tók virkan þátt í fulltrúaráðsfundinum.

3.4. FORELDRAVERÐLAUN HEIMILIS OG SKÓLA

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru veitt í fimmtánda sinn 1. júní árið 2010 við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, afhenti verðlaunin. Aðalmarkmiðið með veitingu verðlaunanna er að vekja athygli á því gróskumikla starfi sem unnið er í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins og stuðlar að samvinnu heimila, skóla og nærsamfélagsins. Verkefnið Vínafjölskyldur í Vesturbæjarskóla hlaut Foreldraverðlaunin árið 2010 en fyrir því stóðu: Margrét Gylfadóttir, Sesselja Ólafsdóttir og María Helena Sarabia,



Frá Foreldraverðlaunum 2010.

foreldrar í Vesturbæjarskóla. Að auki voru veitt hvatningarverðlaun og tvenn dugnaðarforkaverðlaun. Hvatningarverðlaun féllu í skaut Vina í Hvassó en í forsvari voru: foreldrafélag Hvassaleitisskóla, Inga Ívarsdóttir formaður foreldrafélags og Linda B. Ólafsdóttir, fulltrúi í skólaráði Hvassaleitisskóla. Dugnaðarforkaverðlaunin fengu: Borghildur Jósúadóttir fyrir foreldrastarf innan framhaldsskóla, og Anna Margrét Sigurðardóttir fyrir framúrskarandi störf í þágu foreldrasamstarfs í Fjarðarbyggð. Að auki var Sigurveigu Sæmundsdóttur, skólastjóra, þakkað óeigingjarnt starf í þágu samtakanna.

Dómnefndina fyrir árið 2010 skipuðu:

Brynhildur Pétursdóttir, formaður dómnefndar	Heimili og skóli
Barbara Björnsdóttir	Heimili og skóli
Guðbjörg Jónsdóttir	Menntasvið Reykjavíkurborgar
Halla Jónsdóttir	Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Sigurveig Sæmundsdóttir	Skólastjórafélag Íslands
Soffía Karlsdóttir	Foreldrafélag framhaldsskóla
Þórður Ingi Bjarnason	Fulltrúaráð Heimilis og skóla

**3.5 EINELTISÁTAK
Á LANDSVÍSU**

Heimili og skóli – landsamtök foreldra, Liðsmenn Jerico, Olweusaráætlunin á Íslandi og ungmennaráð SAFT í samstarfi við Símann, mennta- og menningarmálaráðuneytið, félags- og tryggingamálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands hófu í september 2010 eineltisátak á landsvísu undir yfirskriftinni *Stöðvum einelti – strax*. Fundarátakið var fyrsta aðgerðin sem framkvæmd var samkvæmt tillögum í greinargerð þriggja ráðuneyta um aðgerðir gegn einelti í skólum.



Sjöfn Þórðardóttir, formaður Heimilis og skóla, hélt erindi víða um land í átaki gegn einelti.

Í júní 2010 gáfu heilbrigðisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti út *Greinargerð um mögulegar aðgerðir gegn einelti í skólum og á vinnustöðum*. Sjötti kafli inniheldur tillögur um verkefni til úrlausnar í skólastarfi og er eitt þeirra „að stuðla að umræðu um velferð og einelti/ofbeldi í skólum landsins“ (Greinargerð, bls. 12). Verkefnið var falið Heimili og skóla sem ábyrgðaraðila og samstarfsaðilum. Í því fólst að haldnir voru fræðslufundir um einelti víðs vegar um landið haustið 2010. Að loknu eineltisátaki á landsvísu skiluðu landsamtökin greinargerð um verkefnið til mennta- og menningarmálaráðuneytisins og styrktaraðila.



Á borgarafundi.

Framkvæmd átaksins var á þann veg að tímabilið 14. september til 3. nóvember 2010 voru haldnir opnir borgarafundir á ellefu stöðum á landinu undir yfirskriftinni *Stöðvum einelti – strax*. Þó voru heimsóttir samtals fimmtán staðir ef jafningjafræðsla er talin með. Umfjöllunarefni borgarafundanna voru: einelti, ungt fólk, netið og samfélagsábyrgð. Fulltrúar Heimilis og skóla, Liðsmanna Jerico og Olweusaráætlunarinnar á Íslandi fluttu fræðsluerindi á fundunum en formaður Heimilis og skóla, Sjöfn Þórðardóttir, hélt erindi á öllum fundum. Auk þess var hún ungmennaráði til halds og trausts á jafningjafræðslufundum. Áhersla var lögð á fræðslu til foreldra, þolenda eineltis (þ.á.m. uppkominna þolenda og aðstandenda þolenda), starfsfólks í leik-, grunn- og framhaldsskólum og öðrum stofnunum sem starfa með



Leiksýning Elltunnar, *Pú ert það sem þú gerir á netinu*, var sett upp á hverjum fundarstað.

börnum og ungmennum. Leikhópar nemenda undir handleiðslu leiklistarkennara eða leiðbeinanda á hverjum fundarstað settu upp leiksýninguna *Pú ert það sem þú gerir á netinu* eftir Elítuna og Rannveigu Þorkelsdóttur, og sýndu á borgarafundum. Að loknum framsöguerindum og leiksýningu fóru fram pallborðsumræður þar sem fyrirlesarar ásamt fulltrúum ungmennaráðs SAFT tóku þátt í umræðum og svöruðu fyrirspurnum úr sal. Heimili og skóli og SAFT héldu jafningjafræðslufundi samhliða borgarafundunum fyrir efstu bekkji grunnskóla á hverjum stað og fluttu fræðsluerindi ásamt fulltrúum úr ungmennaráði SAFT.

Heimili og skóli sáu um skipulagningu, undirbúning og framkvæmd borgarafundanna í samvinnu við samstarfsaðila, og voru tengiliður við fundaraðila á hverjum fundarstað og aðra sem tengdust verkefninu. Átakið var kynnt í fjölmiðlum og víðar með fréttatilkynningum, auglýsingum, dreifingu netboðskorta og veggspjalda sem og annarra gagna sem tengdust verkefninu. Heimili og skóli söfnuðu saman og héldu utan um fundargerðir ritara, og tóku saman helstu niðurstöður ásamt Liðsmönnum Jerico og framkvæmdastjóra Olweusaráætlunarinnar á Íslandi.

3.6 SAFT Aðgerðaáætlun um örugga netnotkun

Frá árinu 1999 hefur Evrópusambandið rekið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallast *Safer Internet Action Plan* (<http://ec.europa.eu/saferinternet>). Markmið áætlunarinnar er að stuðla að öruggri notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, meðal annars með því að berjast gegn ólöglegu og óæskilegu efni og stuðla að vitundarvakningu um örugga netnotkun í samfélaginu.

Áætluninni er skipt í fjórar megináðgerðir:

- Vernd barna gegn ólöglegu eða meiðandi efni á netinu
- Aðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á netinu
- Hvatningu til öruggara netumhverfis
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun

Innan áætlunarinnar hafa verið sett af stað verkefni í þrjátíu Evrópulöndum. Verkefni eru hluti af evrópsku samstarfsneti sem kallast INSAFE (www.saferinternet.org) sem er samhæft af skólanetinu European Schoolnet (www.eun.org).

SAFT verkefnið á Íslandi

Heimili og skóli – landssamtök foreldra, hafa rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004. Verkefnið, sem er styrkt af aðgerðaáætlun ESB um örugga netnotkun, hefur frá upphafi gengið undir nafninu *Samfélag, fjölskylda og tækni*, skammstafað SAFT. Markmið SAFT er að reka vakningarátak um örugga og jákvæða notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, foreldra, kennara, upplýsingatækniiðnaðar, fjölmiðla og stjórnvalda. Viðfangsefni verkefnisins snúa að því að fræða og styðja börn og foreldra í að njóta netsins og nýrra miðla á jákvæðan og öruggan hátt. Sérstök verkefnisstjórn átaksins var skipuð fulltrúum frá menntamálaráðuneyti, Háskóla Íslands, Lýðheilsustöð og Capacent auk verkefnisstjóra SAFT. Í stýrihópi verkefnisins sátu fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum, meðal annars frá stjórnvöldum, úr viðskiptalífni, frá rannsóknaraðilum, og menntunar- og forvarnaraðilum. Guðberg K. Jónsson stýrir verkefninu og heldur utan um framkvæmd þess en Hrefna Sigurjónsdóttir starfar einnig sem verkefnastjóri fyrir SAFT.

Framkvæmd verkefnis

Árið 2010 stóð SAFT fyrir ýmsum viðburðum og tók þátt í fjölda verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var til umfjöllunar. Stór hluti SAFT vakningarátaksins fólst í því að kynna verkefnið fyrir foreldrafélögum grunnskóla um allt land. Í tilefni af Alþjóðlega netöryggisdeginum 9. febrúar 2010 stóð SAFT fyrir málþingi undir yfirskriftinni *Hugsaðu áður en þú sendir!* og afhenti jafnframt verðlaun í nemendasamkeppni. SAFT tók þátt í sýningunni Netið Expo og kynnti málstaðinn. Gefnar voru út þrjár lestrarbækur fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla og þeim dreift í alla skóla. Unnið var að þýðingu á nýju námsefni, *Fjölskyldugaman: að ná tökum á vefnum*, sem stendur til að dreifa árið 2011. Ungmennaráð SAFT vakti athygli fyrir vasklega framgöngu, meðal annars í jafningjafræðslu, og sem stendur taka þau

þátt í þróun rafrænna skilríkja sem nýst gætu á félagsnetsíðum á borð við Facebook. Verkefnastjórar sóttu ráðstefnur á vegum INSAFE og kynntu þar meðal annars verkefnið og sóttu sér þekkingu. Nýr samningur við ESB vegna SAFT verkefnisins var undirritaður í september 2010.

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 2010

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur í sjöunda sinn 9. febrúar 2010. SAFT stóð fyrir málþingi í tilefni dagsins og var það haldið í Skriðu, aðalbyggingu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Yfirskriftin að þessu sinni var *Hugsaðu áður en þú sendir!* Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, setti málþingið og fundarstjóri var Páll Óskar Hjálmtýsson. Mælendaskrá var fjölbreytt og umræður líflegar. Á málþinginu voru veitt verðlaun í nemendasamkeppni meðal grunn- og framhaldsskólanema um gerð jafningjafræðsluefnis um jákvæða og örugga netnotkun. Hagaskóli hlaut fyrstu verðlaun fyrir þemaviku um jákvæða og örugga netnotkun. Önnur verðlaun fengu nemendur í 9. og 10. bekk Grenivíkurskóla fyrir fréttablaðið Dúndur og þriðju verðlaun fengu stúlkur úr 10. bekk EKH í Hagaskóla fyrir stuttmyndina *Netfíkn*. Nýherji gaf verðlaunin.



Páll Óskar Hjálmtýsson stýrði málþinginu af röggsemi.



Líflegar umræður sköpuðust að erindum loknum.

Netöryggi og nýsköpun á ferð um landið

Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, sem situr nú í stjórn Heimilis og skóla, fór í hringferð um landið í samvinnu við SAFT dagana 21. til 28. febrúar og ræddi netöryggi og nýsköpun á opnum fundum í skólum fyrir börn, unglinga og foreldra. Megintilgangur ferðarinnar var að hvetja til ábyrgar hegðunar í rafrænum samskiptum og að vekja fólk til umhugsunar um hvernig börn og fullorðnir geti varast ýmsar hættur sem fylgt geta netnotkun. Kynnt voru öryggisboðorð SAFT fyrir börn og foreldra. Halldór nýtti jafnframt tækifærið til að ræða nýsköpun í atvinnulífi og byggðamál og hvernig framfarir í tækniþróum geti nýst við uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Á ferð sinni hélt Halldór úti bloggi (hringurinn.spaces.live.com) þar sem birtar voru frásagnir, myndir og myndskreið úr ferðinni.

SAFT ungmennaráð

SAFT lagði grunninn að stofnun sérstaks SAFT ungmennaráðs snemma árs 2008 en formlegt ungmennaráð var stofnað í byrjun árs 2009. Ungmennaráðið samanstendur af ungmennum á aldrinum 12 til 18 ára sem koma alls staðar að af landinu. Ráðið aðstoðar við uppfærslu á heimasíðu SAFT, Facebook og Myspace síðum verkefnisins. Ráðið vinnur einnig hugmyndir um það hvernig eigi að kenna ánægjulega og örugga netnotkun í skólum landsins, kemur að hönnun kennsluefnis, er ráðgefandi um hönnun og framkvæmd herferða, hefur fengið til umsagnar frumvörp er varða þeirra málaflokk, sinnir jafningjafræðslu og heldur erindi á foreldrafundum.





Sýningin Þú ert það sem þú gerir vakti vinsældir og hefur verið sett upp víða.

STORK verkefnið er viðamikla verkefni í upplýsingatækni með aðkomu sautján Evrópuþjóða. Sex tilraunaverkefni STORK eru nú tiltæk fyrir almennan aðgang og gera borgurum kleift að nota landsbundin rafræn auðkenni í mörgum Evrópulöndum. Sem stendur er ungmennaráðið þátttakandi í tilraunaverkefninu SaferChat. Markmiðið með SaferChat er að auka öryggi barna og unglinga í samskiptum á Internetinu með því að stýra aðgangi eftir aldri og tryggja hæsta öryggi í sannvottun á rafrænum auðkennum. Fjármálaráðuneytið leiðir verkefnið en Austurríki og Slóvakía eru samstarfsaðilar Íslands í SaferChat auk þess sem verkefnið er unnið í samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun, SAFT, INSAFE verkefnið um öryggi barna og unglinga á Internetinu og eTwinning sem er alþjóðlegt verkefni um rafræna fræðslu. Skólar í löndunum þremur sem að verkefninu koma vinna sameiginleg verkefni þar sem nemendur búa til fræðslufni fyrir jafningjafræðslu um öruggari notkun Internetsins.



Leikþáttur Elítunnar beinir sjónum að jákvæðri og öruggri netnotkun.

Haustið 2010 fór ungmennaráð SAFT í ferð í kringum landið og hélt jafningjafræðslufundi á völdum stöðum í samfloti við borgarafundi Heimilis og skóla um einelti. Nemendur á hverjum stað settu upp sýningu Elítunnar Þú ert það sem þú gerir í samstarfi við skólafyrirvöld. Leikritið var sýnt í viðkomandi skóla samhliða jafningjafræðslufundi. Ungmennaráðsfulltrúar héldu síðan erindi á borgarafundum í tengslum við leikritið. Ferðin gekk í alla staði mjög vel og mörgbúsund ungmenni um land allt hlýddu á erindið og sáu leikþátt Elítunnar sem beinir sjónum að jákvæðri og öruggri netnotkun. Í kjölfarið hrúguðust inn umsóknir um sæti í ungmennaráði SAFT og undir lok árs voru um 20 meðlimir í ungmennaráði SAFT.

Lestrarbækur

Lestrarbækur SAFT eru þrjár og einkum ætlaðar börnum á aldrinum fimm til átta ára, þ.e. elsta stigi leikskóla og yngsta stigi grunnskóla. Tilgangurinn með bókunum er að kynna netið fyrir yngstu kynslóðinni en rannsóknir SAFT sýna að börn eru sífellt yngri þegar þau komast í snertingu við Internetið í fyrsta skipti. Bókunum er einnig ætlað að vera tæki fyrir foreldra og starfsfólk leik- og grunnskóla til að fræða börn á einfaldan hátt um jákvæða og örugga netnotkun. Höfundur bókanna, Þórarinn Leifsson rithöfundur, vann texta og myndir í samvinnu við undirbúningshóp sem í sátu fulltrúar frá: SAFT og Heimili og skóla, Námsgagnastofnun, Lýðheilsustöð og fulltrúar frá leik- og grunnskólum. Hrefna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri, ritstýrði bókunum. Bókunum var dreift til allra leik- og grunnskóla landsins, þeim að kostnaðarlausu. Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, og Sjöfn Þórðardóttir, formaður Heimilis og skóla, afhentu fyrstu eintök lestrarbókanna 29. mars 2010 í leikskólanum Sólbrekku á Seltjarnarnesi og var Þórarinn Leifsson, höfundur bókanna, einnig viðstaddur. Ráðherra nýtti tækifærið og las upp úr nýju bókunum fyrir leikskólabörnin. Skemmst er frá því að segja að bækurnar hafa vakið mikla lukku og hafa einnig nýst í fræðslu fyrir seinfæra foreldra. Bækurnar hafa vakið athygli út fyrir landsteinana og til stendur að þýða þær á ensku.



Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, og Sjöfn Þórðardóttir, formaður Heimilis og skóla, afhentu fyrstu lestrarbækurnar.



Ráðherra las upp úr bókunum fyrir leikskólabörn á Sólbrekku sem fylgdust með af athygli.



Fjölskyldugaman: Að ná tökum á vefnum

Á árinu 2010 var unnið að því að þýða og staðfæra námsefni frá INSAFE sem er netverk þeirra Evrópuþjóða sem starfa að netöryggisáætlun ESB. Efnið kallast upphaflega *e-safety kit* (sjá nánar á: <http://www.esafetykit.net>) en á íslensku útleiggst það sem *Fjölskyldugaman: Að ná tökum á vefnum*. Efnið er hugsað fyrir fimmta til sjöunda bekk grunnskóla. Því fylgir vinnubók sem börn vinna með hjálp foreldra og handbók fyrir foreldra til hliðsjónar. Vinnubókin miðar að því að uppfræða börn um örugga netnotkun og í henni eru yfir fimmtíu ábendingar og æfingar til að kenna börnum að nota netið á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Bækurnar eru báðar með litvísa til að greina á milli fjögurra lykilþema sem eru: öryggi, samskipti, skemmtun og niðurhal og rafrænt einelti. Foreldrahandbókin er hugsað sem upplýsingagrunnur fyrir bæklinginn Fjölskyldugaman en ætlast er til að börn og foreldrar vinni saman. Fjallað er um lykilþemum fjögur með sögu um tvö börn, Önnu og Alex, foreldra þeirra og tölvusníllinginn Helenu. Hver kafli samanstendur af mismunandi þáttum. Til stendur að dreifa bókunum til barna á miðstigi grunnskóla.

Nýr samningur

Nýr samningur við Evrópusambandið (ESB) vegna SAFT verkefnisins var undirritaður í september 2010. Samningurinn snýr að rekstri SAFT verkefnisins á Íslandi sem hluta Netöryggisáætlunar ESB. Heimili og skóli – landssamtök foreldra, Lýðheilsustöð og Barnaheill – Save the Children á Íslandi undirrituðu samninginn. Kannanir sýna fram á góðan árangur SAFT verkefnisins á Íslandi og aukna vitundarvakningu um netið. Öflugt starf er unnið á vegum SAFT er varðar forvarnir og fræðslu. Að þessu sinni sameinast þrjú verkefni: hjálparlína (helpline), ábendingarlína (hotline) og vakningarátak (awareness) hjá SAFT. Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun leggja sérstaka áherslu á þátttöku í vakningarátaksverkefni og innanríkisráðuneytið mun leggja áherslu á verkefni tengd hjálparlínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Póst- og fjarskiptastofnun) og verkefni tengd ábendingalínu (m.a. með áframhaldandi samstarfi við Ríkislögreglustjóra).

Sjá nánar um SAFT verkefnið í ársskýrslu þess sem nálgast má á skrifstofu samtakanna og á vef verkefnisins www.saft.is.

4. ÚTGEFIÐ EFNI OG VEFSÍÐA

4.1. HANDBÆKUR

Nýjar handbækur ætlaðar foreldraráðum og skólaráðum á öllum skólastigum voru gerðar á árinu. Þær voru sendar rafrænt í byrjun haustannar 2010 til skólafánana og foreldrafélaga, foreldra- og skólaráða. Handbækurnar eru auk þess aðgengilegar á heimasíðu samtakanna.

4.2. KYNNINGARBÆKLINGAR UM NÝJU MENNTALÖGIN

Gefnir voru út þrjár bæklingar til að fræða foreldra um breytt hlutverk þeirra með nýjum menntalögum. Gerður var bæklingur fyrir hvert skólastig og dreift til foreldra: Virkir foreldrar – betri leikskóli, Virkir foreldrar – betri grunnskóli og Virkir foreldrar – betri framhaldsskóli. Tengjast bæklingarnir fyrrnefndum handbókum sem fara mun ítarlegar í saumana á starfi og tilgangi foreldra- og skólaráða..



4.3. FRÆÐSLUBÆKLINGUR UM EINELTI

Fræðslubæklingurinn Einelti – góð ráð til foreldra var endurútfinn og sendur til allra nemenda í 5. bekk grunnskóla snemma á haustönn 2010. Bæklingnum var jafnframt dreift á borgarafundum í eineltisátaki um haustið. Bæklingurinn er skrifaður af Þorláki H. Helgasyni, framkvæmdastjóra Olweusaráætlunarinnar á Íslandi, og gefinn út af Heimili og skóla.



4.4. ÞRJÁR KENNSLUBÆKUR SAFT

Haustið 2009 hófst vinna við gerð þriggja lestrarbóka um netið, sem einkum eru ætlaðar börnum á aldrinum fimm til átta ára. Höfundur bókana er Þórarinn Leifsson. Í lok marsmánaðar 2010 voru lestrarbækurnar sendar á alla leik- og grunnskóla landsins.



4.5. SAMSTÍGA

Árið 2010 komu út sex tölublöð af Samstíga, rafrænu fréttabréfi samtakanna.

4.6. TÍMARIT

Ekki kom út tímarit árið 2010 en hins vegar var unnið að tímariti á árinu sem kemur út í maí 2011 og til stendur að gefa út annað tímarit að hausti 2011.

4.7. HEIMASÍÐA OG FÉSBÓK

Á heimasíðu samtakanna, <http://heimilioskoli.is>, er að finna upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldra, réttindi og annað efni sem tengist foreldrasamstarfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Á síðunni er einnig sýnishorn af útgefnu efni, greinar og nýjustu fréttir. Til stendur að uppfæra heimasíðuna og endurhanna árið 2011 og er vinna við það hafin. Heimili og skóli – landsamtök foreldra eru með fésbókarsíðu (Facebook). Samtökin eiga þar um 520 aðdáendur/vini.

5. FUNDIR, RÁÐSTEFNUR, ÞING OG NÁMSKEIÐ

Starfsfólk Heimilis og skóla sótti ýmiss konar ráðstefnur og fundi árið 2010. Hér er ekki um tæmandi lista að ræða en drepíð er á því helsta. Einnig komu fulltrúar Heimilis og skóla að undirbúningi funda, ráðstefna, námskeiða og málþinga og héldu erindi. Heimili og skóli áttu fulltrúa á eftirfarandi fundum, ráðstefnum, námskeiðum og málþingum:



Frá fundi um foreldrasamstarf í janúar 2010.



Frá menntaþingi.

- Málstofa um barnavernd á vegum Barnaverndarstofu, Barnaverndar Reykjavíkur og félagsráðgjafadeildar Háskóla Íslands 25. janúar. Þorbjörn Broddason, prófessor við félagsvísindasvið Háskóla Íslands, fjallaði um barnavernd og fjölmiðla undir yfirskriftinni *Nýir miðlar á nýjum tímum: Blessun eða bölvun?*
- Fundur um foreldrasamstarf á framhaldsskólastigi, 29. janúar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og var samstarfsverkefni Heimilis og skóla og menntamálaráðuneytis. Þar komu saman stjórnir foreldraráða framhaldsskóla ásamt öðrum góðum gestum er málinu tengdust.
- Kynning á niðurstöðum rannsóknarinnar *Ungt fólk utan skóla 2009* í Háskólanum í Reykjavík, 5. febrúar.
- HOFF – Heilsuefning og forvarnir í framhaldsskólum. Kynning á embætti Umboðsmanns barna 25. febrúar.
- HOFF – Heilsuefning og forvarnir í framhaldsskólum. Fundur um munntóbak 27. febrúar.
- Málþing á alþjóðlega netöryggisdeginum 9. febrúar undir yfirskriftinni *Hugsaðu áður en þú sendir!*
- Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi sem situr nú í stjórn Heimilis og skóla, fór í hringferð kringum landið í samvinnu við SAFT dagana 21. til 28. febrúar og ræddi netöryggi og nýsköpun á opnum fundum í skólum fyrir börn, unglunga og foreldra.
- SAMAN hópurinn fundaði fyrsta mánudag hvers mánaðar.
- Náum áttum hópurinn fundaði reglulega tvisvar í mánuði.
- Reglulegir fundir hjá SAMFO, Samstarfsráði í forvörnum.
- Menntaþing 5. mars sem haldið var að Hlíðarenda á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Yfirskrift þingsins var *Heildstæð menntun á umbrótatímum* og var tilgangur þingsins að efna til opinna umræðu um menntastefnu.
- *Frelsi til fjölskyldulífs – samræming fjölskyldu og atvinnulífs*. Fundur 8. mars á Grand hóteli í tilefni af 100 ára afmæli alþjóðlegs baráttudags kvenna.
- *Velferðarvaktin – hagur barna í íslensku samfélagi*. Málstofa Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd og félagsráðgjafadeildar Háskóla Íslands, 16. mars.
- *Dagur án eineltis – virðing, ábyrgð og vellíðan í borgarsamfélaginu*. Málþing í Ráðhúsi Reykjavíkur 17. mars.



Frá NOKO fundinum á Seltjarnarnesi.



Frá Fulltrúaráðsfundi.



Heimsókn í Vesturbæjarskóla.

- Málþing á vegum Heimilis og skóla í samstarfi við Verzlunarskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytið um *nýjar innritunarreglur í framhaldsskóla*. Haldið 18. mars.
- Heimili og skóli stóðu fyrir formanna- og framkvæmdastjórafundi NOKO (Nordisk Komité) á Seltjarnarnesi 7. apríl. Viðfangsefnið var samstarf heimila og skóla innan nærsamfélagsins.
- Skólalæing undir yfirskriftinni *Heilsueflandi skólar* var haldið 9. apríl í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6, á vegum Lýðheilsustöðvar.
- *Vímuefnanotkun, foreldraeftirlit og frístundir 14 – 15 ára unglinga 1997-2009: Mat á árangri í forvarnarvinnu sveitarfélaga á Íslandi*. Fyrirlestur Álfgeirs Loga Kristjánssonar í Háskólanum í Reykjavík.
- Aðalfundur Heimilis og skóla – landsamtaka foreldra var haldinn 12. maí.
- Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhent í fimmtánda sinn 1. júní.
- Námsfniðsýning Námsgagnastofnunar 17. ágúst.
- Starfsdagar fyrir heilsueflandi grunnskóla dagana 17. til 18. ágúst í Víkurskóla í Grafarvogi.
- Eineltisátak á landsvísu með fundum á ellefu stöðum í kringum landið. Fundirnir voru haldnir á tímabilinu 14. september til 3. nóvember.
- NOKO (Nordisk komité) ráðstefna 24.-26. september í Ósló. Fjallað var um framhaldsnám að grunnskóla loknum, val á námsleiðum og brottfall.
- Fulltrúaráð Heimilis og skóla hélt sinn sjötta landsfund 15. október í Mosfellsbæ.
- Vika 43 – Vímuvarnavikan og Náum áttum stóðu saman að morgunverðarfundum 28. október. Yfirskrift fundarins var Þetta er bara gras. Vímuvarnavikan var síðan sett formlega 1. nóvember.
- Ráðstefnan *Íslenskar æskulýðsráðsókniir 2010* sem fram fór 5. nóvember. Að ráðstefnunni stóðu Æskulýðsráð og menntavísindasvið Háskóla Íslands og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri.
- Viðurkenning Barnaheilla – Save the Children á Íslandi fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda í tengslum við afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna var veitt 19. nóvember.
- Foreldrar í Vesturbæjarskóla hlutu í sumarbyrjun 2010 Foreldraverðlaun Heimilis og skóla fyrir verkefnið *Vinafjölskyldur* í Vesturbæjarskóla. Af því tilefni heimsóttu mennta- og menningarmálaráðherra Katrín Jakobsdóttir og fulltrúar Heimilis og skóla: Sjöfn Þórðardóttir, formaður, og Olga Hanna Möller, framkvæmdastjóri, Vesturbæjarskóla á haustdögum og kynntu sér verkefnið.
- Kynning á niðurstöðum PISA rannsóknarinnar 7. desember.

6. SAMSTARF INNANLANDS

6.1. MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI



Samningur undirritaður.



Nýr samstarfssamningur mennta- og menningarmálaráðuneytis og Heimilis og skóla – landsamtaka foreldra var undirritaður 29. júní 2010 vegna stuðnings samtakanna við foreldra skólabarna. Formaður Heimilis og skóla, Sjöfn Þórðardóttir, og mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, undirrituðu samninginn með formlegum hætti á skrifstofu Heimilis og skóla. Ráðherra sagði við það tækifæri að mikilvægt væri að hafa öflug landsamtök foreldra sem stutt gætu við foreldrastarf í skólum og jafnframt veitt foreldrum margvíslega ráðgjöf og stuðning. Samtökin hefðu einnig mikilvægu hlutverki að gegna sem talsmenn nemenda við stefnumótun í menntamálum. Ráðherrann nýtti tækifærið til að kynna sér starfsstöðvar Heimilis og skóla, hitti stjórnarmenn og starfsfólk og kynnti sér starfseminna. Samningurinn er til þriggja ára og fá samtökin sex milljónir ár hvert til að standa straum af kostnaði við umsamda þjónustu. Þetta er stærsti samstarfssamningur sem gerður hefur verið á milli ráðuneytisins og Heimilis og skóla.

6.2. ANNAÐ SAMSTARF

Heimili og skóli – landsamtök foreldra voru í samstarfi við ýmsa aðila á starfsárinu, fulltrúar samtakanna áttu sæti í nefndum og vinnuhópum og komu að fjölbreyttum verkefnum.



- *Stjórn Námsgagnastofnunar*. Fulltrúi Heimilis og skóla var Elín Thorarensen og Sjöfn Þórðardóttir, formaður, til vara.
- *Samráðshópur um innritun nýnema í framhaldsskóla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis*. Fulltrúi Heimilis og skóla var Sjöfn Þórðardóttir, formaður.
- *Samráðsnefnd leik- og grunnskóla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis*. Fulltrúi Heimilis og skóla var Sjöfn Þórðardóttir, formaður.
- Barnahópur innan *Velferðarvaktarinnar*, fulltrúi Heimilis og skóla var Sjöfn Þórðardóttir, formaður og varamaður Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri.
- *Velferðarvaktin*. Fulltrúi Heimilis og skóla var Sjöfn Þórðardóttir, formaður, og Hrefna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri, sótti einnig fundi sem varamaður.
- *Náum áttum* er opinn samstarfshópur um fræðslu- og fíkniefnamál. Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri, var þar fulltrúi.
- *Vika 43 – Vímuvarnarvikan*. Fulltrúi var Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri.
- *SAMAN-hópurinn* vinnur að forvörnum í tengslum við atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna. Framkvæmdastjóri var fulltrúi Heimilis og skóla á árinu.
- Heimili og skóli eiga aðild að *SAMFO*, Samstarfsráði um forvarnir, sem er samráðsvettvangur forvarnarsamtaka á Íslandi sem beina athygli að börnum og forvarnarstarfi. Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri, var fulltrúi Heimilis og skóla í þessu samstarfi.
- Heimili og skóli taka þátt í alþjóðlega verkefninu *Göngum í skólann*. Samstarfsaðilar verkefnisins eru: Lýðheilsustöð, Heimili og skóli, Umferðarstofa, Ríkislögreglustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands. Fulltrúi Heimilis og skóla í þessu verkefni á árinu var framkvæmdastjóri.
- Heimili og skóli hafa átt aðild að Olweusarverkefninu gegn einelti frá upphafi verkefnisins.
- Árið 2010 fóru Heimili og skóli, Liðsmenn Jerico – landssamtök foreldra eineltisbarna og uppkominna þolenda og framkvæmdastjóri Olweusaráætlunarinnar á Íslandi saman í fyrirlestraferð um Ísland þar sem fjallað var um einelti.
- Heimili og skóli eiga aðild að *Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn*, sem stofnuð voru til að skipuleggja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og/eða önnur verkefni sem þjóna sömu markmiðum. Fulltrúar árið 2010 voru framkvæmdastjóri og Elín Helgadóttir, verkefnastjóri.
- Menntakvika – ráðstefna um rannsóknir, nýbreytni og þróun í menntavísindum.
- *Almannaheill*. Framkvæmdastjóri hefur setið þar fundi.
- *RANNUM*, Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun. Fulltrúi árið 2010 var Sjöfn Þórðardóttir, formaður.

7. NORRÆNT SAMSTARF

Heimili og skóli – landssamtök foreldra taka virkan þátt í samstarfi norrænu foreldrasamtakanna *Nordisk Komité* (NOKO). Markmiðið með samstarfinu er að aðildarfélög deili skoðunum, reynslu og rituðu efni auk þess sem sameiginlegar ákvarðanir og ályktanir auka vægi hverra samtaka heima fyrir.

Heimili og skóli – landssamtök foreldra stóðu fyrir formanna- og framkvæmdastjórafundum NOKO á Seltjarnarnesi 7. apríl 2010 en norrænu systursamtökin skiptast á að halda fundum NOKO. Ákveðið þema er valið hverju sinni og árið 2010 var lögð sérstök áhersla á samstarf innan nærsamfélagsins til að tryggja samfellt starf grunnskóla og tónlistarskóla og samfelli í æfinga- og tómsundastarfi barna og ungmenna með það að markmiði að stuðla að auknum samverustundum fjölskyldunnar. Jafnframt var samstarfsaðilum hjá NOKO kynnt eineltisátakið sem Heimili og skóli ýttu úr vör um haustið. Seltjarnarnesbær tók vel á móti norrænu fundargestunum og fulltrúar NOKO fengu tækifæri til að kynna því góða starfi sem fram fer hjá bænum í skóla-samfélaginu sem og í nærsamfélagi skólans.

Í júní 2010 kynnti þáverandi framkvæmdastjóri, Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, sér starfsemi NOKO og Heimilis og skóla (Skole og forældre) í Danmörku.

Fulltrúar Heimilis og skóla sóttu dagana 24.-26. september 2010 ráðstefnu á vegum NOKO í Osló. Þar var meðal annars fjallað um hvernig ungt fólk velur sér námsleiðir í framhaldsskóla og hvaða forsendur það hefur til að taka upplýstar ákvarðanir um framhaldsnám þegar grunnskóla lýkur. Rætt var um atriði sem talin eru eiga þátt í brottfalli nemenda úr framhaldsskólum. Hugsanlegir áhrifaþættir eru: bakgrunnur, stuðningur foreldra og annarra, einsemd og vanlíðan. Niðurstaðan var sú að virkir foreldrar skipti sköpum í þessu sambandi. Formannsskipti NOKO fóru fram á síðasta degi ráðstefnunnar en þá tók Benedikte Ask Skotte, formaður *Skole og forældre*, landssamtaka foreldra í Danmörku, við af Loveleen R. Brenna frá Noregi. Formaður situr tvö ár í senn.

Foreldrasamtök og kennaramenntunarstofnanir í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og Íslandi tóku höndum saman um Norrænt þróunarverkefni um samstarf skóla og foreldra. Verkefnið hlaut styrk frá Nordplus til tveggja ára, 2009-2011. Fulltrúi Heimilis og skóla í verkefninu er Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, fyrrum framkvæmdastjóri.

8. EVRÓPSKT SAMSTARF

Heimili og skóli urðu fullgildir aðilar að Evrópusamtökum foreldra, *European Parents' Association* (EPA) á fundi EPA í september 1998. Meginmarkmið samtakanna er í stórum dráttum:

- að hafa áhrif á stefnu Evrópusambandsins í mennta- og uppeldismálum og stuðla með því að sem mestum gæðum skólastarfs,
- að beita áhrifum samtakanna til að efla virka þátttöku evrópskra foreldra í skólastarfi á öllum skólastigum,
- að styrkja samstarf heimila og skóla með því að miðla hugmyndum og dæmum um það besta sem gert er (good practice),
- að vera vettvangur skoðanaskipta og samráðs evrópskra foreldra.

Skýrslu um starfsemi Heimilis og skóla var skilað til EPA á vordögum. Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, þáverandi framkvæmdastjóri, sótti ráðstefnu um brottfall (Early School Leaving) á vegum EPA í Milánó 18. til 19. júní 2010.

9. LOKAORÐ

Árið 2010 var aðalfundur samtakanna haldinn þann 12. maí. Eftir að stjórn hafði verið kosin kvaddi endurkjörinn formaður samtakanna, Sjöfn Þórðardóttir, sér hljóðs og þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf og bauð nýja stjórnarmenn velkomna. Einnig þakkaði hún Guðna Olgeirssyni fyrir skegga fundarstjórn og góð störf í þágu samtakanna. Starfsmönnum voru einnig færðar þakkir fyrir vel unnin störf.

Stjórnarmenn, starfsfólk Heimilis og skóla/SAFT og fulltrúar foreldra í grasrótastarfi samtakanna vinna öflugt og metnaðarfullt starf að framgangi menntunar og uppeldis. Á síðastliðnu ári og mánuðum höfum við séð hversu mikilvægir foreldrar eru í námi barna sinna á öllum skólastigum og hversu brýnt er að rödd þeirra hljómi í samfélaginu. Foreldrar hafa sýnt samtakamátt sinn og hvatt stjórnvöld ötullega til að standa vörð um samfélags- og velferðarmál. Rödd foreldra hefur oft skipt sköpum þegar erfiðar ákvarðanir eru teknar og velferð barna og ungmenna þá verið höfð í fyrirrúmi.

Heimili og skóli – landssamtök foreldra hafa hvatt foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð til að standa vörð um réttindi sín, skyldur og ábyrgð. Brýnt er að huga að velferð barna og ungmenna og styrkja fjölskyldur á umbrotatímum. Allar breytingar á skólastarfi og í nærsamfélagi skóla þarf að ígrunda vandlega með hliðsjón af þeim afleiðingum sem þær geta haft í för með sér til lengri tíma lítið. Heimili og skóli hafa lagt áherslu á að halda uppi styrku velferðarneti fyrir fjölskyldur landsins og hafa samtökin hvatt ríki og sveitarfélög til að hlúa að menntun og velferð og standa vörð um grunnþjónustu.

Verkefni samtakanna hafa verið fjölmörg og þeim fjölgar stöðugt. Ráðgjöfin hefur blómstrað og sífellt fleiri vilja vera í samstarfi til að tryggja foreldrum og börnum þeirra góð uppeldis- og menntunarskilyrði. Heimili og skóli þjónusta foreldra barna á þremur skólastigum og alla þá aðila sem koma að starfi barna og ungmenna á einn eða annan hátt. Árið 2010 var lögð sérstök áhersla á foreldrasamstarf á framhaldsstigi. Samtökin hafa í því skyni verið í góðu samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og ætlum við að gera enn betur. Innleiðing nýju menntalaganna gengur vel og vitundarvakning hefur orðið í samfélaginu um mikilvægi þess að náð samstarf sé milli heimila og skóla sem og grenndarsamfélagsins. Menntalögin eru metnaðarfull í alla staði.

Starfsárið 2010 var undirritaður samstarfssamningur við mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, þar sem ætlunin er að efla og virkja foreldrasamstarf enn frekar á skólastigunum þremur og stuðla að öflugum samstarfi við fulltrúa foreldra á landsvísu. Við höfum unnið ötullega að því og stutt við foreldra með fræðslu og ráðgjöf um land allt. Við höfum jafnframt hvatt foreldra og grenndarsamfélagið til að taka þátt í stefnumótun um skóla-, fjölskyldu-, æskulýðs-, íþrótt- og tómstundamál og vera þar í samstarfi.

Á starfsárinu var framhald á eineltisátakinu sem ýtt var úr vör í október 2009. Markmiðið var að vekja athygli og skapa umræðu í samfélaginu um einelti og hversu alvarlegar afleiðingar það getur haft bæði fyrir þolendur og gerendur. Eineltisátakið fór fram á landsvísu með borgarafundum á ellefu stöðum kringum landið. Verkefnið var samstarfsverkefni Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, Liðsmanna Jerico, Olweusaráætlunarinnar á Íslandi, Ungmennaráðs SAFT í samstarfi við Símann, velferðarráðuneytanna þriggja (þá mennta- og menningarmálaráðuneytis, félags- og tryggingarmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis). Borgarafundirnir tókust afar vel og ungmennaráð SAFT vakti athygli um land allt. Mikil ánægja var með framtakið og fjöldi sveitarfélaga og einstaklinga sendu þakkarkveðjur og lýstu ánægju sinni með framlag samtakanna og samstarfsaðila.

Samtökin hafa ekki farið varhluta af áhrifum efnahagsþrenginga, því miður. Síðasta ár var Heimili og skóla fjárhagslega erfitt. Tekjur voru lægri en gert var ráð fyrir og kostnaður jókst milli ára. Fjárhagsstaðan í upphafi árs 2011 olli því að grípa þurfti til markvissra sparnaðaraðgerða til að koma rekstrinum á réttan kjöl. Umfang starfsemi samtakanna jókst á milli árána 2009 og 2010 og faglegur árangur starfsins er góður. Stjórn samtakanna hefur í þessum sparnaðaraðgerðum lagt áherslu á grunnstarfsemina, sem felst í upplýsingagjöf og stuðningi við foreldra um land allt.

Umfang samtakanna hefur aukist og starfsárið var annasamt. Heimili og skóli hafa starfað með velferð og þarfir nemenda að leiðarljósi og áhersla hefur verið lögð á að tryggja farsælt skólastarf og stuðla að því að grenndarsamfélagið vinni náð með heimilum og skóla. Við munum halda áfram á sömu braut og virkja alla með okkur í það verkefni. Við munum leggja enn meiri kraft í foreldrasamstarf á landsvísu og efla grasrótarstarfið sem fram fer um land allt á öllum skólastigum. Að lokum viljum við koma á framfæri innilegu þakklæti til mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínar Jakobsdóttur, og samstarfsmanna hennar fyrir afar farsælt og öflugt samstarf. Ráðherra lætur sér ann þess samstarf heimila, skóla og grenndarsamfélagsins og hefur lagt sitt af mörkum til þess að tryggja velferð og öryggi í skólasamfélaginu.

Okkar kjörorð eru: virðing, umhyggja, sköpun og gleði.
Sjöfn Þórðardóttir, formaður.

LÖG HEIMILIS OG SKÓLA - LANDSSAMTAKA FORELDRA

Nafn og aðsetur

1. gr. Samtökin heita Heimili og skóli, landssamtök foreldra. Aðsetur samtakanna er í Reykjavík.

Tilgangur, markmið og leiðir

2. gr. Hlutverk samtakanna er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkar þátttöku í skólasamfélaginu. Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því meðal annars:

- að beita sér fyrir því að sjónarmið foreldra og barna séu virt þegar reglur eru settar og ákvarðanir teknar sem varða skóla-, uppeldis- og fjölskyldumál og að foreldrar sem slíkir eigi fulltrúa hvarvetna þar sem um þau mál er fjallað,
- að stuðla að og sjá um ein og/eða í samvinnu við aðra fræðslu-, ráðgjafar-, útgáfu- og rannsóknarstarfsemi sem stuðlar að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum foreldra á skóla-, uppeldis- og fjölskyldumálum,
- að byggja upp og treysta samstarf og tengsl heimila og skóla svo og foreldra innbyrðis,
- að stuðla að umbótum á sviði skóla-, uppeldis- og fjölskyldumála og vekja athygli á því sem vel er gert, m.a. með því að veita viðurkenningar fyrir góð störf,
- að hafa samstarf við önnur samtök og félag innanlands og utan sem starfa í sama eða sambærilegum tilgangi

Aðild

3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar sem þess óska og greiða félagsgjald. Svæðasamtök foreldra, foreldrafélög, foreldraráð, skólar og aðrar stofnanir geta einnig orðið fullgildir félagar. Samtökin eiga samvinnu við og geta verið í málsvari fyrir þau svæðasamtök, foreldrafélög og foreldraráð sem eiga aðild að samtökunum.

Stjórnskipulag

4. gr. Samtökin eru óháð stjórnvöldum, trúfélögum og stjórnmalaflokkum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal halda árlega á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga allir aðilar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum þessum, sbr. 9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar
- c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram
- d) Kosning í stjórn samtakanna
- e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
- f) Önnur mál

Heimilt er að breyta röð dagskrárliða á aðalfundi.

5. gr. Stjórn samtakanna skipa ellefu menn sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn, sex stjórnarmenn annað hvert ár og fimm hitt árið. Fjórir stjórnarmenn skulu að jafnaði vera af höfuðborgarsvæðinu og fjórir utan þess. Fulltrúaráði samtakanna er heimilt að tilnefna einn fulltrúa í stjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kys varaformann og ritara. Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár.

Stjórnin stýrir samtökunum í umboði aðalfundar í samræmi við lög þessi. Stjórn kemur saman eigi sjaldnar en fimm sinnum á ári og oftast ef þurfa þykir. Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.

6.gr. Stjórn ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna, skrifstofu þeirra og önnur þau verkefni sem stjórn felur honum.

7.gr. Stjórn kýs úr sínum hópi á fyrsta stjórnarfundum þrjú menn af fjórum í framkvæmdanefnd. Formaður stjórnar er sjálfkrafa formaður framkvæmdanefndar. Nefndin fundar a.m.k. níu sinnum á ári. Sérhver nefndarmaður getur skotið ákvörðun nefndarinnar til fullskipaðrar stjórnar. Framkvæmdastjóri situr fundi framkvæmdanefndar og ritar fundargerð. Framkvæmdanefnd starfar á milli stjórnarfunda í umboði stjórnar. Stjórn setur framkvæmdanefnd nánari starfsreglur. Um annað en að framan er kveðið á um og varðar störf og starfshætti stjórnar og framkvæmdanefndar setur stjórn reglur eftir því sem þurfa þykir.

8.gr. Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, til setu í fulltrúaráði samtakanna. Samtökin halda fund með fulltrúaráði árlega. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Þannig leitast landssamtökin við að efla tengsl við aðildarfélög víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfseminni.

Fjármál

9 gr. Tekjur samtakanna eru:

1. Félagsgjöld.
2. Styrkir.
3. Önnur fjáröflun.

Reikningstímabil og fjárhagsár samtakanna er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Stjórn samtakanna ákveður upphæð félagsgjalds. Samtökunum er heimilt að taka við styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja þau.

Lagabreytingar

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.

Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla úr gildi lög samtakanna sem sett voru á aðalfundi 1998.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á aðalfundi 25. apríl 2008, sem samþykkir lög þessi, skal kosið til stjórnar samkvæmt lögum þessum. Þá skulu kosnir sex nýir fulltrúar til tveggja ára og tveir til eins árs. Í stjórn sitja áfram í eitt ár þrír fulltrúar áður kjörnir.

